

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 101 7. júní 1967 um afgreiðslutíma verslana á Patreksfirði.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélagið Flóka, Haganeshreppi.

1. gr.

Félagið heitir „Veiðifélagið Flóki“. Heimili þess og varnarþing er Haganeshreppur, Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að því vatnasvæði, sem félagið er stofnað um, Sandós, Hópsvatn, áin milli þess og Flókadalsvatns, Flókadalsá, svo og allar ár hér ótaldar og lækir, sem í vötn og ár þessar renna. Þessar jarðir eru: Brautarholt, Haganes I, Haganes II, Langhús, Dælir, Akrrar, Barð, Minni-Reykir, Stóru-Reykir, Háls, Teigar, Austari-Hóll, Helgustaðir, Steinavellir, Krakavellir, Illuga-staðir, Neskot, Nes, Sigríðarstaðir, Vestari-Hóll, Steinhóll, Sjöundastaðir, Syðsti-Mór, Mið-Mór, Yzti-Mór, Haganeshreppur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að stunda fiskirækt á félagssvæðinu og skipuleggja nýtingu vatnasvæðisins, að því er tekur til allrar veiði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn félagsins á vixl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár. Annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn stjórnar og tvo endurskoðendur, til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr eftir eitt ár og hinn eftir tvö ár.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda.

Stjórnin fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins útávið, og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundinum skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, og leggur fram tillögu um starfsemi á því ári. Þá skal hún leggja fyrir fundinn endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkv. arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. maí 1981.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 8/1968 um geislavarnir ríkisins.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Framkvæma skal að jafnaði árlega skoðun á þeim tækjum og efnum, sem framleiða geisla og leyfi þarf fyrir.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Eigandi tækis eða efnis, sem skoðunarskylt er samkvæmt reglugerð þessari, skuli greiða sérstakt skoðunargjald, sem varið skal til að standast kostnað af skoðuninni. Eigandi tækis eða efnis, getur óskað eftir aukaskoðun, sér að kostnaðarlausu. Skoðunargjald greiðist á hverju ári og skal vera sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki (diagnostik).

a. Föst tæki	kr. 700
b. Auka lampar	— 200
c. Móbiltæki	— 500
d. Tannröntgentæki	— 500